



511. fundur Þingvallanefndar

14. febrúar 2024 kl

12:00-13:00 Nefndarsviði

Alþingis í Smiðju

Mætt: Vilhjálmur Árnason formaður, Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, Oddný Harðardóttir, Orri Páll Jóhannsson, Andrés Ingi Jónsson, Berglind Ósk Guðmundsdóttir og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð þessa. Tómas A. Tómasson og Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir tilkynna forföll.

Þjóðgarðsvörður Einar Á. E. Sæmundsen fundar í gegnum fjarfundarbúnað þar sem hann er staddur í Malasíu í námsleyfi.

Formaður setur fund.

Dagskrá:

1. Erindi frá Minjastofnun um gerð tillögu að friðlýsingu Gamla-Þingvallavegarins - ósk um samstarf.

Þjóðgarðsvörður segir nánar frá erindi frá Minjastofnun Íslands. Með erindinu leitar Minjastofnun Íslands eftir samstarfi við þjóðgarðinn á Þingvöllum um gerð tillögu að friðlýsingu Gamla-Þingvallavegarins sem lagður var um Mosfellsheiði á árunum 1890-1896 frá Geithálsi austur að Almannagjá. Fram kemur í erindinu að friðlýsingartillagan verði unnin á grunni laga um menningarminjar nr.80/20212 og lögð fyrir umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra síðar til staðfestingar. Minjastofnun Íslands leitar eftir samstarfi á sviði gagnaöflunar við skráningu leiðarinnar.

Umræður nefndarmanna um tilefni erindisins og aðkomu þjóðgarðsins. Rætt um nýtingu leiðarinnar til útivistar og hve mikill hluti hennar er innan þjóðgarðsins og samráðshluta tillögunnar. Í erindinu kemur fram að Minjastofnun Íslands mun vinna tillöguna í samráði við alla hagsmunaðila, sveitarfélög og aðra að lokinni skráningu.

Erindið var samþykkt en óskað eftir upplýsingum um framgang verkefnisins og tillögunnar.

Önnur mál.

Þjóðgarðsvörður fer yfir ýmis verkefni sem eru í vinnslu. Dagskrá fyrir afmælisár lýðveldisins í sumar. Unnið hefur verið áfram með hugmyndir um veitinga og kaffihús í Steindórshúsi með ráðgjafa. Ráðningarferli og skipulag fyrir sumarstarfið er farið af stað. Vinnu við deiliskipulagstillögu er að ljúka og stefnt að auglýsingum í marsmánuði.

Þjóðgarðsvörður upplýsir að árið 2023 hafi endað með neikvæða niðurstöðu á rekstri um 30 mkr. Árið 2022 var hinsvegar jákvæð rekstrarniðurstaða um 50 m.kr ásamt því að borga upp neikvæða niðurstöðu fyrri ára. Höfuðstóll í lok árs 2023 var því tæpar 17 m.kr. Ástæða neikvæðrar rekstrarniðstöðu ársins 2023 voru nokkrar en þó helst tekjufall í lok október fram að jól. Einnig komu upp óvæntar viðhaldsframkvæmdir sem ekki voru fyrir séðar og gríðarhækkun á flutningi seyru vegna breytinga á salernum. Þrátt fyrir halla ársins má búast við viðsnúningi á þessu ári ef aðstæður verða svipaðar með fjölgun ferðamanna samhliða gjaldskrárhækkunum sem tóku gildi um áramótin. Einnig er í undirbúningi útboð á flutningi seyru frá salernum sem vonir standa til að lækki kostnaðinn seinnihluta ársins.

Þjóðgarðsvörður ítrekar að það er mikil áskorun að tryggja góða þjónustu og jafnvægi í rekstraráætlun þegar ekkert er vitað um þróun sértekna hvers árs en þær standa undir um 70-80% tekna þjóðgarðsins.

Fundi slitið.